

RAFIDNADARSAMBAND ÍSLANDS
8. FUNDUR MIÐSTÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 10 FEBRÚAR 2012

Mæting:

Sigurður Sigurðsson, Jens H Ragnarsson, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Bára Halldórsdóttir, Hafliði Sívertsen, Jón Ólafur Halldórsson, Jakob Tryggvason, Sigurjón Ólason, Eyólfur Ólafsson, Svanborg Hilmarsdóttir, Eva K.C. Benjamínsdóttir, Sighvatur D Sighvatz, Jón Ingi Öfjörð, Sigurjón Ingvarsson, Kristín Benediktsdóttir, Grétar Guðmundsson, Georg Georgsson, Ómar Baldursson, Helgi Jónsson.

Gestir á fyrri hluta fundarins: Guðmundur Gunnarsson, Rúnar Bachmann, Haraldur Jónsson, Ólafur Sigurðsson. Ísleifur Tómasson, Björn Ágúst Sigurjónsson, Björn Eysteinnsson

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Úttekt á Lífeyrissjóðnum.
3. Framkvæmdastjórn RSÍ.
4. Menntasjóður rafiðarins. (SART/SI)
5. Rekstrartölur 2011.
6. Félagsmenn á erlendum vettvangi.
7. Önnur mál.
 - a) Fræðsludiskurinn.
 - b) Fjölskylduhátíðin.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Úttekt á Lífeyrissjóðnum.

Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri Stafa fór yfir úttektarskýrslu um fjárfestingar lífeyrissjóðanna í aðdraganda hrunsins.

Ítarlega var farið yfir þá þætti sem sjóðurinn hefur tapað á, og reynt hefur verið eftir fremsta megni að hafa upplýsingaflæði gott til sjóðsfélaga.

Eins kom fram að fjölmargar úrbætur hafa verið gerðar hjá Stöfum lífeyrissjóði.

Einnig var bent á, að þegar fjallað er um tap sjóðanna þá verður að halda því til haga að í stóru eignasafni þarf að forðast að horfa eingöngu á tap-liðina. Því þegar áhættu eignasafnsins er dreift þá felst áhættudreifingin í því að reyna að hámarka ávöxtun

fjármagnsins og forðast þá áhættusamar fjárfestingar. Fjárfest var erlendis til að dreifa áhættunni þó svo erlend fjárfesting sveiflist í raun og veru mikið í samræmi við gengi gjaldmiðla og þá helst íslensku krónuna. Því verður að að horfa á heildareignasafnið, vilji menn sjá raunverulega stöðu sjóðanna.

3. Framkvæmdastjórn RSÍ.

Stefáns Sveinsson varaformaður RSÍ hefur nú tekið við skólastjórn Rafiðnaðarskólans. Stefán hefur þess vegna óskað eftir að draga sig í hlé frá störfum varaformanns RSÍ og hefur óskað eftir að í stað hans verði varamaður boðaður á miðstjórnarfundi og þá væntanlega úr röðum FÍR.

4. Menntasjóður.

RB. Fór yfir og kynnti tilurð sjóðsins. Áður var greitt 1% gjald í eftirmenntursjóð sem síðan skipstist í 5 sjóði þá var ekkert heildaryfirlit til, hvernig gjaldinu skyldi varið. Það rann jú til skólans án nokkurs yfirlitis.

Þegar skólakerfið var komið í veruleg vandræði árið 2002 og orðið skuldum vafið og ljóst var að skólastjórnin hafiði dregið sér verulegt fé, þar ekki hjá því komist að taka á þessu máli.

Árið 2003 var alvarlega tekið á þessum málum. Það kom að mestu leiti í hlut RSÍ að ganga frá því.

Í stað 5 sjóða var ákveðið að gera úr þessu 1 sjóð sem tæki við eftirmenntuargjaldinu. Það var gert á að grundvelli þess að hafa heildaryfirsýn yfir ráðstöfun á eftirmennturagjaldinu.

Ákveðið var að stofna “Menntasjóð” og hlutverk sjóðsins var að styrkja skólann og ekki síður að styrkja félagsmenn almennt til að sækja námskeið utan skólans.

5. Rekstrartölur 2011.

Félagsmenn RSÍ í dag eru rúmlega 5000 og hefur þeim fjölgað um ca 300 á síðustu misserum.

Tekjuaukning milli ára er um 7,3%

Greiðslur úr Styrkjarsjóði jukustu um 25% milli ára. Helsta skýringin er sú, að tekjuhærri menn sækja nú í auknum mæli um bætur.

Hlutfall styrkja af tekjum voru árið 2010 56,5% og árið 2011 65,0% og þar ber hæst aukning í úthlutun líkamsræktarstyrkja, þar er aukningin milli ára 132,8%.

Lækkun var á útgreiðslu vegna útfararkostnaðar um 72,4% milli ára.

Varðandi orlofssjóð þá er aukning á félagsgjaldstekjum um 13,4% milli ára. Leigutekjur eru 4,1% hærrí og rekstrargjöld hafa dregist saman um 8% milli ára 2010 og 2011.

Á næstu vikum þarf að taka ákvörðun um ráðningu á föstum starfsmanni á Apavatnssvæðinu. Og hvaða stefnu við viljum taka varðandi svæðið.

6. Félagsmenn á erlendum vettvangi.

Erindi hafa borist til skrifstofu RSÍ frá rafiðnaðarmönnum sem starfa erlendis m.a. í Noregi og víðar, hvaða rétt þeir hafi og hvort þeir geti nýtt sér orlofskerfið hér á landi, meðan þeir starfa erlendis.

Það er ljóst ef menn vinna hjá fyrirtækjum með erlent ríkisfang þá njóta menn engra réttinda hér. Bent var á að þeir sem starfa í Noregi geti leitað til ELog IT með sín mál.

En rétt er að benda mönnum á að þeir geta að sjálfsögðu leitað líka til RSÍ ef vantar lögfræðiaðstoð eða þvíumlíkt.

7. Önnur mál.

a) Fræðsludiskurinn.

Verið er að uppfæra hann og vonandi líður ekki langur tími til að hann komist í umferð á nýjan leik.

b) Fjölskylduhátíðin 2012.

Ákveðið er að hún verður með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Fjölskylduhátíðarnefndin var skipuð þeim Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni, Sigurði Sigurðssyni, Einar Ág Kristinssyni, Jakobi Tryggvasyni og Guðrúnu Bergþórsdóttur. Kristján Þórður óskar eftir að draga sig úr nefndinni og bjóða nýju fólki að koma að hátíðinni og leitar til félaganna að skipa áhugasamt fólk í nefndina.

Samþykkt að fá starfsmann Rafiðnaðarsambandsins til samstarfs við nefndina og sem fullgildan nefndarmann.

c) Búið er að uppfæra vefsíðuna og almennt gerður góður rómur að henni.

d) Íslandsmót iðngreina verður haldið dagana 9 og 10 mars n.k. Þar verður bæði kept í rafvirkjun og rafeindavirkjun.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl kl 16.35.

Ritari: Helgi Jónsson

